

Fyrirspurn E 15/2024  
Fyrirspyrjandi Helge André Njåstad og Marius Arion Nilsen (Fremskrittspartiet)  
Til Ríkisstjórnar Svíþjóðar

## E 15/2024 Skrifleg fyrirspurn um kjarnorku

### Til ríkisstjórnar Svíþjóðar

Ríkisstjórn Svíþjóðar hyggst ráðast í mikla uppbyggingu nýrrar kjarnorku til ársins 2045. Stefnt er að því að auka kjarnorkuframleiðslu um minnst 2500 MW, sem samsvarar í það minnsta tveimur stórum kjarnakljúfum, fyrir árið 2035. Til að þessu markmiði verði náð leggur sænska ríkisstjórnin sérstaklega áherslu á þörf fyrir aðkomu viðeigandi aðila og þörf fyrir öfluga hvata fyrir fjárfestingum í kjarnorku. Ríkisstjórnin bendir á ríkistryggingar og áhættudreifingar- og fjármögnunarlíkan þar sem ríkið ber hluta af áhættunni. Ríkisstjórnin bendir einnig á mikilvægi þess að auka alþjóðlegt samstarf og vísar til þess að Svíþjóð og Frakkland hafa gert með sér samning um samstarf um kjarnorku sem ætlað er að miðla reynslu af fjármögnunarlíkönum og tækniskilyrðum.

Vísað er til þess að til eru fleiri alþjóðleg verkefni fyrir aukið samstarf um þróun og uppbyggingu kjarnorku, bæði í tengslum við COP28 og innan ESB, sem Svíþjóð tekur virkan þátt í. Fyrirspyrjendum er sem stendur ekki kunnugt um hvort samræður séu milli norrænu landanna um kjarnorku, og benda á að Finnland er annað norrænt land sem leggur áherslu á aukna uppbyggingu kjarnorku. Norðurlönd eru eitt grænasta og samþættasta svæði heims, með góðri blöndu orkugjafa, og mun kjarnorka gegna stærra og mikilvægara hlutverki þegar fjárfestingar í kjarnorku verða að veruleika. Að mati fyrirspyrjenda ættu að vera góð tækifæri til aukins samráðs og samstarfs um þróun, uppbyggingu og rekstur kjarnorkuvera á Norðurlöndum.

### Með vísan til þessa beinum við eftirfarandi spurningum til viðkomandi ráðherra:

- Eiga Svíþjóð og Finnlandi í samstarfi um þróun og byggingu kjarnorkuvera, og ef svo er, hvernig er því samstarfi háttað?
- Er ríkisstjórn Svíþjóðar opin fyrir auknu norrænu samstarfi um þróun og byggingu kjarnorkuvera, og ef svo er, á hvaða svæðum væri slíkt samstarf sérstaklega gagnlegt?
- Getur ríkisstjórn Svíþjóðar lýst því hvernig hún sér fyrir sér að ákjósanlegt fyrirkomulag árangursríks og uppbyggilegs samstarfs um kjarnorku gæti þróast á Norðurlöndum, og hvað hún telur að einstök lönd gætu lagt til í slíku samstarfi?



Osló, 22. maí 2024

Helge André Njåstad (FrP)

Marius Arion Nilsen (FrP)